

## Re: Flæðigryfjur Grundartanga - umsagnarbeiðni

Búið til	15.3.2023 22:23:49
Höfundur	Borgný Katrínardóttir
Sent	15.3.2023 22:23:48
Tilheyrir	202301-0114 - Flæðigryfjur Grundartanga - umsagnarbeiðni

### Efni

Re: Flæðigryfjur Grundartanga - umsagnarbeiðni

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	15.3.2023 22:23:48	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Borgný Katrínardóttir - NI (Borgny.Katrinarrottir@ni.is)
Til	Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202301-0114 (BK, SKV)

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 23. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn

Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu Elkem og Norðuráls vegna umhverfismats nýrrar flæðigryfju vestan núverandi flæðigryfja á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit.

Náttúrufræðistofnun veitti áður umsögn um matsáætlun vegna nýrra flæðigryfja á Grundartanga, dags. 2.

febrúar 2023, og var þá bent á að í umhverfismatinu þyrfti að fjalla um um áhrif framkvæmdarinnar á fjöruvistgerðir og fuglalíf svæðisins. Svæði 2 austan við núverandi flæðigryfjur er staðsett innan marka

mikilvægs fuglasvæðis sem nær yfir stóran hluta Hvalfjarðar og hefur þetta sama svæði einnig verið tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela

(<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/hvalfjordur>

(<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/hvalfjordur>)).

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í matsáætlun var upphaflega gert ráð fyrir að meta saman tvö svæði undir flæðigryfjur en í álitum Skipulagsstofnunar um matsáætlunina, dags. 8. júlí 2022, kom fram að í umhverfismatskýrslu þurfi „að gera grein fyrir þeim vistgerðum og því fuglalífi sem er að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Meta þarf hvernig fuglar nýti svæðið, hvaða tegundir og þéttleika þeirra og gera grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á fugla og vistgerðir“.

Í umhverfismatskýrslunni segir að þessi krafa um rannsóknir snúi að eystra svæðinu (svæði 2) og því eru svæðin metin sitt í hvoru lagi og hér er einungis svæði 1 til umfjöllunar, þ.e. svæðið vestan við núverandi flæðigryfjur. Ekki verður þó séð, hvorki í álitum Skipulagsstofnunar né í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar, að athuganir á fuglum hafi einungis átt að beinast að eystra svæðinu.

Einhverjar fuglaathuganir fóru þó fram á svæði 1 síðsumars 2022 og í skýrslunni kemur m.a. fram að svartbaksvarp sé þar að finna upp af víkinni en svartbakur er tegund í hættu á válista (<https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla> (<https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>)). Nákvæm staðsetning varpsins og fjöldi kemur ekki fram en við framkvæmdir á svæðinu ætti að leitast við að hlífa varpinu.

Jákvætt er að framtíðarsýn fyrirtækjanna feli í sér að draga úr úrgangslausun eins og kostur er. Á undanförunum árum hafa komið fram nýjar lausnir sem fyrirtækin eru hvött til að kynna sér og skoða hvort hægt sé að framkvæma hér.

Við umhverfisvöktun iðnaðarsvæðisins á Grundartanga fara fram mælingar á kræklingi á 5 ára fresti en voru framkvæmdar á 3 ára fresti áður. Æskilegt væri þegar nýjar gryfjur verða teknar í notkun að tíðni vöktunar verði aukin aftur tímabundið og fari fram á 1-2 ára fresti til að fylgjast betur með hvernig tekist hafi til með framkvæmdina og að óskileg efni séu ekki að berast út í umhverfið í miklu magni. Ef vart verður við slíkt þarf að vera hægt að bregðast hratt við.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Bestu kveðjur  
Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, náttúruverndarsvið / Biologist, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is>)

**From:** "Sigurður Ásbjörnsson - SLS" <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>

**To:** "Hvalfjarðarsveit" <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; "Skipulag" <skipulag@hvalfjardarsveit.is>; "Umhverfi" <umhverfi@hvalfjardarsveit.is>; "Erindi - HAFRO" <erindi@hafogvatn.is>; "Rakel Guðmundsdóttir - HAFRO" <rakel.gudmundsdottir@hafogvatn.is>; "Heilbrigðiseftirlit Vesturlands" <eftirlit@hev.is>; "Þorsteinn Narfason" <thorsteinn@hev.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>

**CC:**

**Subject:** Flæðigryfjur Grundartanga - umsagnarbeiðni

**Date:** 23.1.2023 13:56:17

Til Hvalfjarðarsveitar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Góðan dag,

Elkem og Norðurál hafa lagt fram umhverfismatskýrslu vegna umhverfismats nýrrar flæðigryfju vestan núverandi flæðigryfja á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Meðfylgjandi er umhverfismatskýrsla ofangreindrar framkvæmdar.

Skipulagsstofnun fer fram á að umsagnaraðilar veiti umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í umsögn skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að meðfylgjandi skýrsla greinir eingöngu frá áformum um flæðigryfju vestan eldri gryfja. Gagnaöflun vegna eystri gryfju tekur lengri tíma og því varð að skipta verkefninu í tvær skýrslur þó svo að þær byggi á einni og sömu matsáætluninni.

Umsögn óskast send Skipulagsstofnun í síðasta lagi **13. mars 2023** á tölvupóstföngin: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) (<mailto:skipulag@skipulag.is>) og [sigurdur.asbjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is) (<mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is>)

Með kveðju,

Sigurður Ásbjörnsson

---

**Sigurður Ásbjörnsson**

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

[Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is](mailto:Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

